

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið).

Frá forsætisráðherra.

1. gr.

Í stað orðanna „18 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 15 ára.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Takmörkun 1. mgr. á ekki við um einstaklinga undir 18 ára aldri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996: Í stað orðanna „18 ára“ í 4. mgr. 13. gr. og 1. másl. 7. mgr. 14. gr. laganna kemur: 15 ára.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið er unnið í samstarfi forsætisráðuneytisins og starfshóps sem var skipaður samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Með ákvæðinu var starfshópnum meðal annars falið að endurskoða aldursviðmið laganna til lækkunar vegna réttar til að breyta skráningu kyns og skyldi hann hafa um það samstarf við Barnaverndarstofu, umboðsmann barna og hagsmunasamtök hinsegin fólks. Frumvarpið byggir á tillögum starfshópsins sem fjallað er um í skýrslu hans.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Í frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði sem lagt var fyrir Alþingi, sjá þskj. 1184, 752. mál, á 149. löggjafarþingi 2018–2019, var miðað við að ungmenni sem náð hefðu 15 ára aldri hefðu sjálfstæðan rétt til að taka ákvörðun um að breyta kynskráningu en að börn yngri en 15 ára gætu með fulltingi forsjáraðila tekið slíka ákvörðun. Hefði barnið ekki stuðning forsjáraðila, annars eða beggja, gæti það breytt skráningu kyns síns með samþykki sérfræðinefndar skv. 9. gr. frumvarpsins.

Að frumkvæði meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar var gerð sú breyting á frumvarpinu við meðferð málsins á Alþingi að aldursviðmiðið var hækkað í 18 ár. Í nefndaráliti

meiri hluta nefndarinnar segir að komið hafi fram sjónarmið um að varhugavert væri að börn frá 15 ára aldri gætu breytt skráningu á kyni án þess að afstaða forsjáraðila lægi fyrir. Var í því samhengi bent á að andstaða foreldra gæti reynst barni þungbær og að í slíkum tilvikum þyrfti að tryggja barninu og fjölskyldunni stuðning og ráðgjöf. Jafnframt þyrfti að huga að börnum með fjölpættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Við meðferð málsins komu einnig fram sjónarmið um að 15 ára aldursviðmið samræmdist vel stigvaxandi rétti barna til að hafa áhrif á eigið líf. Í nefndaráliti sínu lýsti meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar yfir skilningi á báðum sjónarmiðum. Taldi meiri hlutinn rétt að miða aldursviðmiðið við 18 ár að svo komnu máli en fela starfshópi samkvæmt bráðabirgðaákvæði að kanna hvort æskilegt væri að aldursviðmiðið yrði 15 ár að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða. Var frumvarpið samþykkt með þessari breytingu.

Starfshópur sem skipaður var á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II í lögum um kynrænt sjálfræði haustið 2019 lauk störfum í ágúst 2020 og skilaði skýrslu til forsætisráðherra þar sem meðal annars er fjallað um endurskoðun aldursviðmiðs vegna réttar til að breyta skráningu kyns. Niðurstaða starfshópsins er að sjálfstæður réttur til að breyta opinberri skráningu kyns ætti að miðast við 15 ára aldur. Starfshópurinn telur að unglingar hafi við þann aldur almennt nægan þroska til að taka afstöðu til þess hvort rétt sé fyrir þau að breyta kynskráningu og geri sér grein fyrir afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Í skýrslunni leggur starfshópurinn þó áherslu á að jafnframt verði að tryggja stuðning við unglinga sem ekki njóta stuðnings forsjáraðila við breytingu á skráningu kyns og bendir á leiðir til þess. Þá leggur starfshópurinn til að réttur einstaklinga undir 18 ára aldri til að breyta aftur kynskráningu sinni verði ekki háður takmörkun 7. gr. laga um kynrænt sjálfræði sem felur í sér að breyting á skráningu kyns og samhliða nafnbreyting sé aðeins heimil einu sinni nema sérstakar ástæður séu til annars.

Með frumvarpi þessu er lokið þeirri endurskoðun á ákvæðum 4. og 5. gr. laga um kynrænt sjálfræði sem óskað var eftir á Alþingi við samþykkt laganna.

3. Meginefni frumvarpsins.

Nýtt aldursviðmið.

Í 1. gr. eru lagðar til breytingar á 4. og 5. gr. laga um kynrænt sjálfræði þess efnis að réttur til að breyta opinberri skráningu kyns, og samhliða nafni, miðist við 15 ára aldur í stað 18 ára. Lagt er til að sérhver einstaklingur sem náð hefur 15 ára aldri hafi rétt til þess að breyta skráningu á kyni sínu í þjóðskrá. Að því er varðar börn yngri en 15 ára er gert ráð fyrir að þau geti með fulltingi forsjáraðila sinna breytt opinberri skráningu kyns síns.

Við mat á því við hvaða aldur eigi að binda sjálfstæðan rétt barna til að breyta skráningu kyns vegast einkum á sjónarmið um rétt barna til verndar annars vegar og sjónarmið um rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða eigið líf hins vegar. Þegar um þetta er fjallað er mikilvægt að hafa að leiðarljósi meginreglu barnaréttar um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess, sbr. 2. mgr. 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Jafnframt er nauðsynlegt að huga á huga að kynvitund er þáttur sjálfsmyndar einstaklingsins og nýtur verndar mannréttindaákvæða sem lúta að friðhelgi einkalífs.

Unglingar sem upplifa kynmisræmi.

Unglingar sem upplifa kynmisræmi eru afar viðkvæmur hópur. Í skýrslu starfshóps samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um kynrænt sjálfræði er vísað til erlendra rannsókna sem sýna að mörg þeirra verða fyrir áreitni og ofbeldi, bæði líkamlegu og andlegu, niðurlægingu og mismunun. Þetta getur orsakað óöryggi, félagslega einangrun, vanlíðan og geðræn

vandamál enda er tíðni þunglyndis, kvíða, átraskana, sjálfskaða og sjálfsvíga hærri hjá þessum hópnum en öðrum hópnum unglunga.

Sjálfsmynd og sjálfsmat eru mikilvægir þættir sálfélagslegrar heilsu. Öllum unglungum er það mikilvægt að á þau sé hlustað og að líðan þeirra og sjálfsmynd sé virt. Þetta er sérstaklega brýnt þegar trans unglingar eiga í hlut. Í sænsku skýrslunni *Juridiskt kön och medicinsk könskorrigering* frá 2014 (SOU 2014:91) kemur fram að flestir rannsakendur séu sammála um að það hafi mikil áhrif á geðheilsu trans fólks að hvaða marki kynvitund þess sé virt, hvort það geti tjáð hana í venjulegum félagslegum aðstæðum og hvort það hafi stuðning þeirra sem standa því næst. Stuðningur bæði fjölskyldu og samfélags er nauðsynlegur til að trans unglingar geti þroskað kynvitund sína án þess að verða fyrir fordómum, áreitni og útskúfun.

Um forsjá og réttindi barna.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. lögræðis laga, nr. 71/1997, verða einstaklingar lögráða 18 ára. Foreldrar barns eða þeir sem koma í foreldra stað fara með lögráð þess fram að 18 ára aldri og nefnast þau lögráð forsjá, sbr. 1. mgr. 51. gr. laganna. Um forsjá fer samkvæmt ákvæðum barnalaga og barnaverndarlaga. Barn nýtur þannig forsjár foreldra eða forsjáraðila til 18 ára aldurs.

Í 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003, er mælt fyrir um réttindi barna og segir í 1. mgr. að barn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Í 2. mgr. er sett fram meginreglan um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess og skv. 3. mgr. á barn rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Kveðið er nánar á um þennan rétt í 6. mgr. 28. gr. sömu laga þar sem segir að foreldrum beri að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast. Framangreind ákvæði 1. gr. barnalaga endurspeglar nokkrar meginreglur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna) sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013.

Skylda forsjáraðila til að hafa samráð við barn sitt um ákvarðanir sem varða líf þess helst í hendur við rétt barnsins til að hafa áhrif á slíkar ákvarðanir og tjá sig um þær, sbr. 3. mgr. 1. gr. barnalaga og 1. mgr. 12. gr. barnasáttmálans. Þetta þýðir að forræði og ákvörðunarvald forsjáraðila fer minnkandi með aldri barnsins og auknum þroska þess. Sú skylda forsjáraðila og annarra sem taka ákvarðanir um hagi og líf barns að gera það sem barni er fyrir bestu krefst þess að hlustað sé á skoðanir þess og reynslu. Þegar vægi sjónarmiða barns er metið þarf að líta til aldurs þess og þroska og þess hvort það gerir sér grein fyrir afleiðingum ákvörðunarinnar sem taka skal.

Niðurstaða starfshóps um aldursviðmið.

Það var niðurstaða starfshópsins að unglingar hafi við 15 ára aldur almennt nægan þroska til að taka sjálf ákvörðun um breytingu á skráningu kyns síns og geri sér grein fyrir afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Niðurstaðan byggir á heildstæðu mati á þeim gögnum og upplýsingum sem hópurinn aflaði, svo og samráði. Í þessu sambandi leggur starfshópurinn annars vegar áherslu á að kynvitund sé persónuleg upplifun einstaklings af sjálfum sér og að því sé afar erfitt fyrir forsjáraðila að sannreyna hvort upplifun barnsins af kynmisræmi sé „rétt“. Hins vegar vísar starfshópurinn til þess að ákvörðunin sé afturkræf og einföld í framkvæmd en

bendir jafnframt á mikilvægi þess að auðvelt verði fyrir börn að „snúa til baka“ ef þau komast að þeirri niðurstöðu að þau tilheyri þrátt fyrir allt því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu. Telur starfshópurinn að með því að heimila unglíngum frá 15 ára aldri að ákveða sjálf hvert skráð kyn þeirra skuli vera sýni samfélagið þeim traust og viðurkenni upplifun þeirra um sjálf sig. Þetta geti haft mikla þýðingu fyrir líðan unglíngna sem upplifa kynmisræmi og jafnframt gefið þeim tækifæri til að kanna betur kynvitund sína áður en til frekari meðferða kemur. Telur starfshópurinn að mikilvægi þess að kynskráningarbreyting standi unglíngum til boða réttlæti það að takmarka að þessu leyti forsjárvald foreldra eða forsjáraðila.

Starfshópurinn lýsir í skýrslu sinni yfir skilningi á stöðu barna með alvarlegar geðraskanir og fjölþættan vanda en lítur svo á að vega verði og meta hugsanlega áhættu gagnvart þessum börnum í ljósi þess ávinnings sem hlýst af því að rýmka rétt trans barna og unglíngna til að taka sjálf ákvörðun um breytingu á kynskráningu. Það er niðurstaða starfshópsins að ekki hafi með skýrum hætti verið rökstutt að afleiðingar lækkunar aldursviðmiðsins séu svo alvarlegar fyrir þessi börn að það réttlæti að horfið sé frá henni. Bendir starfshópurinn í því sambandi á að lækkun aldursviðmiðsins feli í sér ótvíræða réttarbót fyrir þorra trans unglíngna.

Frumvarpið byggist á niðurstöðu og tillögum starfshópsins um lækkun aldursviðmiðs vegna réttar til að breyta skráningu kyns. Telja verður ákjósanlegt að einstaklingar öðlist rétt til að breyta skráningu kyns og nafni við 15 ára aldur en flestir unglíngar hefja framhaldsskólagöngu á þessum aldri. Þarna eru því tímamót í lífi unglíngsins og mikilvægt að geta hafið nám í nýjum skóla með rétta skráningu á kyni og nafni sem samræmist kynvitund viðkomandi.

Í þessu sambandi má benda á að í íslenskum lögum eru ýmis réttindi og skyldur tengd 15 ára aldri, t.d. er barn sjálfstæður aðili að barnaverndarmáli við 15 ára aldur samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Þá er barn sakhæft við 15 ára aldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, auk þess sem 15 ár er kynferðislegur lágmarksaldur. Enn fremur fá börn aukin réttindi samkvæmt umferðarlögum, nr. 77/2019, við 15 ára aldur.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til.

Í 2. gr. er lagt til að takmarkanir 7. gr. laga um kynrænt sjálfræði, sem fela í sér að breyting á skráningu kyns og samhliða nafnbreyting sé aðeins heimil einu sinni nema sérstakar ástæður séu til annars, gildi ekki um einstaklinga yngri en 18 ára. Kynvitund manneskjunnar er í mótun allt fram á fullorðinsár. Sum börn hafa lifað í leiðréttnu kyni frá unga aldri en önnur upplifa kynmisræmi ekki fyrr en á unglíngsárum og eru leitandi og óviss um kyn sitt. Það er því ekki ólíklegt að einhverjir einstaklingar muni vilja breyta aftur kynskráningu sinni ef þeir komast að því að kynvitund þeirra samrýmist eftir allt því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu. Mikilvægt er að löggjöf taki mið af þessu og setji unglíngum í þessari stöðu ekki ónauðsynlegar hindranir. Því er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein í 7. gr. laga um kynrænt sjálfræði þar sem mælt verði fyrir um að einstaklingar undir 18 ára aldri séu undanþegnir þeim takmörkunum sem felast í 1. mgr. greinarinnar.

Auk framangreindra breytinga eru lagðar til breytingar á mannanafnalögum til að gæta samræmis milli þeirra og ákvæða frumvarpsins, þ.e. 4. mgr. 13. gr. og 7. mgr. 14. gr. mannanafnalaga, nr. 45/1996.

Norræn löggjöf.

Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hafa verið sett lög sem kveða á um rétt einstaklinga til að ákvarða kyn sitt. Slík löggjöf mun vera í undirbúningi í Finnlandi.

Í norskum lögum um breytingu á skráðu kyni (n. lov om endring af juridisk kjønn, LOV-2016-06-17-46) er mælt fyrir um að einstaklingar geti frá 16 ára aldri látið breyta kynskráningu sinni án atbeina annarra en að börn á aldrinum 6–16 ára þurfi fulltingi forsjáradila. Hvað börn undir sex ára aldri áhrærir verður kynskráningarbreyting því aðeins gerð að barnið hafi fæðst með ódæmigerð kyneinkenni og þroski þess hafi ekki reynst vera í samræmi við skráð kyn.

Samkvæmt sænskum lögum getur einstaklingur sem búsettur er í Svíþjóð óskað eftir breytingu á kynskráningu og nafni ef viðkomandi hefur lengi upplifað að hann tilheyri „hinu kyninu“, hefur lifað í einhvern tíma í samræmi við þessa kynvitund og ætla má að hann geri það áfram og er orðinn 18 ára (s. lag om fastställande af könstillhörighet i vissa fall, 1972:119, 1. gr., sbr. breytingu með lögum 2012:456). Árið 2014 kom út skýrsla starfshóps sérfræðinga sem ríkisstjórnin fól að fara yfir gildandi lög og gera tillögur um breytingar, einkum hvað varðaði aldursmörk (s. Juridiskt kön och medicinsk könskorrigering). Í skýrslunni er lagt til að aldursmark vegna sjálfstæðs réttar til að breyta kynskráningu verði 15 ár. Ekki hafa þó enn verið gerðar breytingar á lögum í samræmi við þessar tillögur.

Í danskri löggjöf er miðað við að umsækjandi um breytingu á opinberri skráningu kyns sé 18 ára (d. lov om Det Centrale Personregister (lov nr. 426 frá 31. maí 2000), sjá nú lovbekendtgørelse nr. 646 frá 2. júní 2017).

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Lögum þessum er meðal annars ætlað að tryggja réttarvernd barna skv. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Ákvæði fyrrnefndu greinarinnar mælir fyrir um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Í 2. gr. barnasáttmálans segir að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án mismununar af nokkru tagi. Í því samhengi eru taldar upp allmargar óheimilar mismununarástæður. Upptalningin er ekki tæmandi því einnig er vísað til „annarra aðstæðna“ barns. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur túlkað tilvísunina á þann hátt að kynhneigð og kynvitund falli þar undir, auk annarra þátta.

Í 1. mgr. 3. gr. barnasáttmálans er mælt fyrir um meginregluna um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. samningsins fjallar um rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þ.m.t. ríkisfangi, nafni og fjölskyldutengslum. Þrátt fyrir að kynvitund sé ekki sérstaklega nefnd í ákvæðinu hefur verið litið svo á að hún sé þáttur í sjálfsmynd einstaklings og þar með því sem auðkennir hann. Skv. 1. mgr. 12. gr. samningsins skulu aðildarríkin tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Í 16. gr. barnasáttmálans er kveðið á um friðhelgi einkalífs barna og eiga börn rétt á vernd laganna fyrir gerræðislegum eða ólögum afskiptum og árásum á einkalíf þeirra. Ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs gildir að sjálfsögðu um börn jafnt sem fullorðna og sama er að segja um 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hugtakið einkalíf í síðastnefndu greininni hefur víða merkingu og hefur Mannréttindadómstóll Evrópu meðal annars fellt undir það líkamlega og andlega friðhelgi, líkamlega og félagslega sjálfsmynd einstaklings og eins falla kynvitund og kynhneigð undir vernd greinarinnar.

Að því er varðar aldursviðmið í lögum hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna lagt áherslu á að þegar aðildarríki lögfesti aldursviðmið í lögum taki þau tillit til stigvaxandi þroska barna og réttinda þeirra samkvæmt ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Almennt ýti verndarsjónarmið undir hærra aldursmörk, t.d. þegar um er að ræða afdrifaríkar ákvarðanir og þegar verið er að vernda börn gegn hættu. Aftur á móti sé svigrúmið meira þegar um er að ræða ákvarðanir sem varða sjálfsákvörðunarrétt barna og önnur réttindi þeirra samkvæmt samningnum, til dæmis friðhelgi einkalífs.

Breytingin á aldursviðmiði 4. og 5. gr. laga um kynrænt sjálfræði sem hér er lögð til tekur mið af framangreindum ákvæðum og felur í sér áherslu á stigvaxandi sjálfsákvörðunarrétt barna og friðhelgi einkalífs þeirra, sem meðal annars nær til sjálfsmyndar og kynvitundar.

5. Samráð.

Starfshópur sem skipaður var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um kynrænt sjálfræði ræddi við ýmsa aðila í tengslum við endurskoðun aldursviðmiðsins, m.a. fulltrúa umboðsmanns barna, Barnaverndarstofu, Samtakanna '78, Trans Íslands, Trans vina – hagsmunasamtaka foreldra og aðstandenda trans barna og ungmenna á Íslandi og barna- og unglíngageðdeildar Landspítala (BUGL). Auk þess ræddi starfshópurinn við nokkra unglínga úr hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og ráðgjafa hjá samtökunum.

Drög að frumvarpi þessu voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is frá 7. ágúst til 28. ágúst 2020, mál nr. S-142/2020. Umsagnir bárust frá Trans Íslandi, Samtökunum '78, Barnaheill – Save the Children á Íslandi og einum einstaklingi.

Samtökin '78 og Trans Ísland telja mikilvægt að börn öðlist við 15 ára aldur sjálfstæðan rétt til að breyta kynskráningu sinni. Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja jafnframt efni frumvarpsins en hvetja til þess að börnum verði gert kleift að breyta skráningu sinni fyrir ef, að lokinni ítarlegri skoðun og mati á lífi barns í samráði við barnið og forsjáraðila þess, það er ljóst að barnið vill að skráningu kyns síns verði breytt og talið er ljóst að það eigi við. Einn einstaklingur lagði til að miða rétt til að breyta skráningu kyns við 12 ára aldur og benti á að lagaheimild skortir til að veita trans börnum kynhormóna til að þau geti verið samferða jafnöldrum sínum í gegnum kynþroskann.

Með frumvarpinu er lagt til að sjálfstæður réttur til að breyta skráningu kyns miðist við 15 ára aldur í stað 18 ára. Börn yngri en 15 ára munu jafnframt geta breytt kynskráningu sinni með fulltingi forsjáraðila sinna. Ef barn nýtur ekki stuðnings forsjáraðila sinna, annars eða beggja, til að breyta skráðu kyni sínu getur það leitað til sérfræðinefndar skv. 9. gr. laga um kynrænt sjálfræði. Skv. 4. mgr. 5. gr. laganna skal ákvörðun um að breyta kynskráningu barns tekin með hagsmunum þess að leiðarljósi og vera í samræmi við vilja þess og þróun kynvitundar. 15 ára aldursviðmið vegna sjálfstæðs réttar til að breyta kynskráningu sinni er stutt ýmsum rökum í frumvarpinu, meðal annars að unglíngar hafi við 15 ára aldur almennt nægan þroska til að taka sjálf ákvörðun um breytingu á skráningu kyns síns og geri sér grein fyrir afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Jafnframt hefur verið litið til þess að flestir unglíngar hefja framhaldsskólagöngu á þessum aldri og mikilvægt er að geta hafið nám í nýjum skóla með rétta skráningu á kyni og nafni sem samræmist kynvitund viðkomandi. Ákvæði frumvarpsins varða einungis skráningu á kyni og nafni einstaklinga og verður því ekki brugðist við athugasemd um reglur um hormónagjafir trans barna í frumvarpi þessu.

6. Mat á áhrifum.

Samþykkt frumvarpsins yrði mikil réttarbót fyrir unglunga sem upplifa kynmisræmi. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að það skipti sköpum fyrir líðan og geðheilsu trans unglunga að sjálfsmynd þeirra njóti viðurkenningar aðstandenda og vina og að þau mæti skilningi í félagslegum samskiptum sínum við aðra. Mikilvægi þess að trans unglungar geti tjáð kynvitund sína í venjulegum félagslegum aðstæðum hefur mikil áhrif á líðan þeirra. Ein forsenda þessa er að samfélagið viðurkenni rétt þeirra til að ákveða sjálf hvert kyn þeirra er. Verði frumvarpið að lögum ætti það að stuðla að bættri líðan trans unglunga á Íslandi.

Frumvarpið varðar framkvæmd skráningar upplýsinga í Þjóðskrá og ekki verður séð að það geti haft neikvæð eða íþyngjandi áhrif fyrir stjórnsýslu ríkisins. Mögulegt er að umsóknum um breytingu á skráðu kyni og samhliða nafni muni fjölga en ætla má að áhrif þess á starfsemi Þjóðskrár verði óveruleg. Einstaklingar greiða sjálfir fyrir breytta skráningu á kyni og nafnbreytingu auk nýrra skilríkja í kjölfar breytinga á skráningu. Því verður ekki séð að frumvarpið muni hafa neikvæð áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lækka aldursviðmið sjálfstæðs réttar einstaklinga til að breyta skráningu kyns síns í þjóðskrá úr 18 árum í 15 ár. Sérhver einstaklingur sem náð hefur 15 ára aldri hefur samkvæmt því rétt til að breyta skráningu á kyni sínu í þjóðskrá. Þá getur barn yngra en 15 ára með fulltingi forsjáradila sinna breytt opinberri skráningu kyns síns. Er þessi breyting í samræmi við markmið laga um kynrænt sjálfræði um að kveða á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og miða þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar.

Um 2. gr.

Ákvörðun um að breyta kynskráningu er einföld í framkvæmd en getur verið einkar mikilvæg fyrir heill þess sem í hlut á. Þá skiptir máli að slík ákvörðun sé afturkræf. Ákvæði 7. gr. laga um kynrænt sjálfræði setur reyndar skorður við því að kynskráningu sé breytt oftar en einu sinni. Þar segir að breyting á skráningu kyns skuli einungis heimiluð einu sinni nema sérstakar ástæður séu til annars. Ákvæðið á sér samsvörun í 17. gr. mannanafnalaga. Þá segir í 7. gr. að óski einstaklingur aftur að breyta skráningu kyns skuli hann leggja fram skriflega greinargerð um ástæður beiðninnar til Þjóðskrár Íslands.

Með greininni er lagt til að einstaklingar undir 18 ára aldri verði undanþegnir þessum takmörkunum 7. gr. laganna. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að kynvitund manneskjunnar sé í mótun allt fram á fullorðinsár. Sum unglunga eru leitandi og óviss um þróun kynvitundar sinnar. Það er því ekki sanngjarnt að ætla þeim að taka ákvörðun um kynskrárbreytingu með þeirri fullvissu sem reikna má með að eldri einstaklingar hafi. Unglingum sem ákveða að breyta kynskráningu sinni er því mikilvægt að fá svigrúm til að breyta henni aftur komist þau að því að kynvitund þeirra samrýmist samt sem áður því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu. Ákvæðið miðar að því að styðja unglunga sem upplifa kynmisræmi og skapa þeim aðstæður til að þroska kynvitund sína.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Lagðar eru til breytingar á mannanafnalögum til að samræma ákvæði þeirra um nafnbreytingar því aldursviðmiði sem lagt er til í 1. gr. Annars vegar er lagt til að með breytingu á 4. mgr. 13. gr. geti barn yngra en 15 ára með samþykki forsjáraðila sinna eða sérfræðinefndar skv. 9. gr. laga um kynrænt sjálfræði breytt eiginnafni og millinafni sínu samhliða breytingu á skráningu kyns. Þá er lögð til breyting á 7. mgr. 14. gr. þess efnis að barn yngra en 15 ára geti með samþykki forsjáraðila sinna eða sérfræðinefndar skv. 9. gr. laga um kynrænt sjálfræði óskað eftir breytingu á kenninafni sínu í tengslum við breytingu á skráðu kyni.